



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA ritgerð  
í lögfræði

## Kvikir samningsstaðlar

Arinbjörn Kolbeinsson

Leiðbeinandi: Gunnar Atli Gunnarsson, lögmaður

Apríl 2024

LAGAÐEILD

# Kvikir samningsstaðlar

Arinbjörn Kolbeinsson

Lokaverkefni til BA-prófs í lögfræði

Leiðbeinandi: Gunnar Atli Gunnarsson, lögmaður

Lagadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Apríl 2024

Kvikir samningsstaðlar

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
við Lagadeild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

© 2024 Arinbjörn Kolbeinsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur .....	2
2	Staðlaðir samningsskilmálar .....	3
2.1	Þróun samninga og þörf fyrir stöðlun .....	3
2.2	Flokkun .....	4
2.3	Réttarumhverfi .....	4
2.3.1	Íslenskur réttur .....	4
2.3.2	Evrópuréttur .....	6
2.4	Eiginleikar staðlaðra samningsskilmála í núverandi mynd .....	6
2.4.1	Óhnitmiðun .....	6
2.4.2	Hagsmunaskekkja .....	6
2.4.3	Takmörkuð ákvæði .....	7
2.4.4	Staða neytenda .....	7
3	Stöðlun samninga á tíma gervigreindar og snjallsamninga .....	7
3.1	Gervigreind .....	7
3.2	Snjallsamningar og skilmálar .....	8
3.3	Lagaforritun .....	9
3.3.1	Catala .....	9
3.3.2	OpenLaw, Accord Project o.fl. ....	10
3.4	Neytendur og gervigreind .....	10
4	Kvikir samningsstaðlar .....	12
4.1	Stöðlun og rammar .....	12
4.2	Takmarkanir og áskoranir .....	13
4.3	Framkvæmd .....	15
5	Lokaorð .....	16
	Heimildaskrá .....	18
	Dómaskrá .....	19

# 1 Inngangur

Staðlaðir samningsskilmálar eru alls staðar. Einstaklingur getur samþykkt tugi samninga á viku í formi rafrænna notkunarskilmála og staðlaðra kaupsamninga. Þessi stöðlun gerir stórum fyrirtækjum kleift að stofna og viðhalda samningsbundnum samböndum við milljónir viðskiptavina á dag með engum breytilegum samningskostnaði.<sup>1</sup> Á móti geta smærri aðilar reitt sig á staðlaða samninga og stofnað til viðskipta án þess að hafa sérstaka þekkingu á samningsgerð. Stöðlun býður einnig upp á ákveðið öryggi og fyrirsjáanleika sem yfirvöld hafa sett sem skilyrði í ákveðnum samböndum. Stöðlun í samningum hefur verið gagnleg og stuðlað að einfaldari viðskiptum með auknum fyrirsjáanleika.

Þó þessi stöðlun sé hagkvæm fylgja henni ókostir. Hér má fyrst nefna að staðlaðir skilmálar eru oft óhnitmiðaðir og taka ekki beint á því efni sem á við um samband aðilanna.<sup>2</sup> Það veldur óþarfa samningsflækju sem getur verið kostnaðarsöm. Í öðru lagi er stöðluð samningsgerð oft einhliða sem leiðir til hagsmunaskekkju þar sem sjónarmið og þarfir annarra samningsaðila eru ekki tekin til greina.<sup>3</sup> Í þriðja lagi eru skilmálarnir í mörgum tilvikum skrifaðir til varnar versta mögulega tilviks en ekki með því markmiði að ná bestu samningsniðurstöðu.<sup>4</sup> Ástæðan fyrir þessum ókostum eru eðliseiginleikar núverandi stöðlunar sem er föst og býður ekki upp á gagnvirkni eða ítranir líkt og tíðkast í hefðbundinni samningsgerð.

Þá vaknar sú spurning hvort hægt sé að samræma staðlaða samningsskilmála með kjarna samningsfrelsisins, þ.e.a.s. þeim eiginleika að komast að sameiginlegri kjörniðurstöðu allra aðila á gagnvirkan og kvikan hátt. Með kvikri stöðlun væri hægt að vinna gegn ókostum hefðbundinnar stöðlunar: óviðeigandi skilmálar myndu falla niður, viðsemjendur (oft neytendur) kæmu sínum hagsmunum til skila innan þolmarka samningshöfunda sem gætu gefið eftir í varnarskilmálum út frá eiginleikum viðsemjenda. Lítið hefur verið fjallað um þetta svið í íslenskum fræðiritum og verða því nýjar hugmyndir og hugtök kynnt hér.

Í þessari ritgerð verður í öðrum kafla fjallað um þróun staðlaðra samningsskilmála og í þriðja kafla farið yfir framtíð þeirra út frá áhrifum snjallsamninga og gervigreindar. Þá verða í fjórða kafla skoðaðar hugmyndir um kvika staðlaða skilmála og hvernig notkun þeirra getur leitt til aukinnar skilvirkni og sanngirni.

<sup>1</sup> Yannis Bakos, Florencia Marotta-Wurgler og David R Trossen: „Does Anyone Read the Fine Print? Consumer Attention to Standard-Form Contracts“, bls. 2.

<sup>2</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur — Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*, bls. 152–153.

<sup>3</sup> Friedrich Kessler: „Contracts of adhesion — Some thoughts about freedom of contract“, bls. 42.

<sup>4</sup> Howard Beales, Richard Craswell og Steven C Salop: „The efficient regulation of consumer information“, bls. 510–511.

<sup>5</sup> Margaret Jane Radin: *Boilerplate: The fine print, vanishing rights, and the rule of law*, bls. 48.

## 2 Staðlaðir samningsskilmálar

Með auknum og margbreytilegri viðskiptum hefur myndast hvati fyrir flóknari samningum. Hér verður gerð stuttleg grein fyrir þeirri þróun sem hefur orðið á samningum og hvernig hún hefur leitt til meiri stöðlunar. Þá verður farið yfir flokkun staðlaðra skilmála og að lokum það réttarumhverfi sem myndast hefur varðandi þá bæði á Íslandi og í Evrópurétti.

### 2.1 Þróun samninga og þörf fyrir stöðlun

Fram á 19. öld voru nær allir samningar „hefðbundnir“ þar sem aðilar settust niður, lögðu fram sínar kröfur og skilyrði og reyndu að ná niðurstöðu sem allir aðilar gætu sætt sig við. Þetta ferli gat tekið margar ítranir (e. *iterations*), kröfur og skilyrði gátu tekið breytingum en oftast en ekki náðist samningur ef vilji var fyrir hendi. Samningurinn sem náðist gat verið á hvaða formi sem var og um hvaða efni sem var því aðilar höfðu með sér fullt samningsfrelsi.<sup>6</sup>

Samningsaðferðir sem notast við margar ítranir eru ekki skalanleg (e. *scalable*) og því óhagræðar. Þetta varð einkum ljóst í iðnbyltingunni þegar fjöldaframleiðsla jókst ásamt umsvifum fyrirtækja sem gera þurftu marga svipaða samninga. Framleiðendurnir höfðu hvorki tíma né fjármagn í að semja við hvern og einn kaupanda út frá persónulegum kröfum og skilyrðum. Vegna þessa urðu staðlaðir samningar sífellt vinsælli.

Þróun samninga og þörf fyrir stöðlun endurspeglar byltinguna frá handgerðum persónulegum samningseintökum og yfir í stöðluð form. Slíkt jók á hagræði og fyrirsjáanleika í viðskiptum. Þarna er í raun iðnbyltingin í hnotskurn og það mætti segja að samningurinn hefði verið iðnvæddur með fjöldaframleiðslu. Í dag eru flest samningssambönd mynduð með stöðluðum samningum eða skilmálum.<sup>7</sup> Þetta form hefur hentað viðskiptum síðustu áratuga vel en litlar framfarir hafa orðið í kjölfar upplýsingabyltingarinnar sem hefur kynnt til leiks ákveðna tegund af sérsniðinni stöðlun. Dæmi um þessa stöðlun eru leitarniðurstöður á Google og notendatímalínan á Facebook sem eru mjög staðlaðar í grunninn en hver og einn notandi fær sérsniðnar niðurstöður og efni sem talið er henta honum sem best. Slík sérsniðin stöðlun er ein af undirstöðum upplýsingabyltingarinnar en hefur ekki enn haft áhrif á samningsgerð líkt og iðnbyltingin gerði. Í henni liggja hugmyndir um hvernig hægt er að nýta stöðlun með sérsniði til að fá betri niðurstöðu.

<sup>6</sup> Í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa er þessu settar skorður varðandi m.a. mála-myndunargæringa og eftir breytingar, ákvæði um ósamngjarna samninga með lögum nr. 14/1995.

<sup>7</sup> Yannis Bakos, Florencia Marotta-Wurgler og David R Trossen: „Does Anyone Read the Fine Print? Consumer Attention to Standard-Form Contracts“, bls. 2.

## 2.2 Flokkun

Páll Sigurðsson flokkaði staðlaða samningsskilmála í þrjá flokka eftir stofnunarhætti.<sup>8</sup>

Fyrst eru *einhlíða skilmálar*. Það eru skilmálar sem samdir eru eða valdir einhlíða. Í slíkum tilfellum hefur gagnaðili oft ekki kost á að koma sínum kröfum á framfæri og hefur einungis tvo kosti: að samþykkja skilmálana eða hafna þeim og þá fá ekki aðgang að því sem stendur til boða. Sem dæmi má nefna flesta notkunar- og váttryggingarskilmála.

Í annan flokk fara *tvíhliða skilmálar*. Það eru skilmálar sem báðir samningsaðilar semja í sameiningu. Þessu má skipta í tvo undirflokka: 1) beina tvíhliða skilmála, þ.e. þar sem aðilar sjálfir semja skilmála<sup>9</sup> og 2) þriðjamanns skilmálar, þ.e. þar sem aðilar sammælast um að þriðji aðili, eða fulltrúi, setji skilmála sem þeir munu báðir virða. Skilmálar gefnir út af samtökum sem báðir aðilar eru að myndu flokkast sem þriðjamanns skilmálar.

Í þriðja flokkinn fara *opinberir skilmálar*. Hér flokkast skilmálar sem opinberir aðilar lögfesta eða ætlast til að séu notaðir fyrir ákveðna aðila eða í ákveðnum samnböndum. Slík samningsgerð á ýmislegt sameiginlegt með þriðjamanns tvíhliða skilmálum. Opinbera skilmála má finna í EES-samningnum eftir framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/914 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

## 2.3 Réttarumhverfi

Hér verður gerð grein fyrir réttarumhverfi staðlaðra samningsskilmála. Lögð verður áhersla á íslenska lagaumgjörð og dómaframkvæmd með hliðsjón af áhrifum Evrópuréttar.

### 2.3.1 Íslenskur réttur

Í íslenskum lögum lúta staðlaðir samningsskilmálar sömu reglum og aðrir samningar samkvæmt lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum (samningalög eða sml.). Engin sérstök ákvæði taka á öllum stöðluðum samningum eða skilmálum en með lögum 14/1995, sem sett voru á grundvelli tilskipun Evrópuráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum, var fjórum greinum bætt við sem taka á stöðluðum samningum milli neytenda og atvinnurekenda.<sup>10</sup>

<sup>8</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur — Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*, bls. 144–145.

<sup>9</sup> Beinir tvíhliða skilmálar eru að mörgu leiti svipaðir hefðbundnum samningum en með því markmiði að vera staðlaðir svo hægt sé að nýta þá fyrir núverandi og framtíðar sambönd milli aðilanna.

<sup>10</sup> Í samningalögum er notast við hugtakið „atvinnurekandi“, svipað norsku og dönsku samningalögum en ólíkt því sem finnst í ensku útgáfunni af tilskipuninni þar sem hugtökin „seller or supplier“ eru notuð. Í samningalögum er „atvinnurekandi“ ekki skilgreint en í c-lið 2. gr. 93/13/EBE kemur fram skilgreiningin „‘seller or supplier’ means any natural or legal person who, in contracts covered by this Directive, is acting for purposes relating to his trade, business or profession, whether publicly owned or privately owned.“ Ætla má að gildissvið eigi að vera

Þessar fjórar greinar samningalaga sem um ræðir, 36. gr. a–d, taka til samninga sem „ekki hefur verið samið um sérstaklega”. Í riti Ásu Ólafsdóttur og Eiríks Jónssonar<sup>11</sup> er ályktað að ef eitt af fimm skilyrðum er uppfyllt myndi samningur falla þar undir. Það eru 1) ef hann er útbúinn áður en til samningsgerðar kemur, 2) ef notast er endurtekið við form og snið af öðrum slíkum samningum sem atvinnurekandi hefur gert, 3) ef slíkur samningur er notaður kerfisbundið og reglulega, 4) ef samningurinn er sóttur í formálabækur og 5) ef hann er saminn einhliða af atvinnurekanda og settur án athugasemda neytenda.

Í sama riti er einnig tekið fram að leiðin til samningsgerðar geti haft áhrif á það hvort samningur flokkist sem sérstaklega umsaminn eða ekki. Meginreglan er sú að ef neytandi hefur áhrif á samninginn þá er hann ekki sérstaklega umsaminn. En undantekningar á þessu eru að þótt skorað sé á neytenda en hann gerir ekki breytingu þá telst samningur ekki sérstaklega umsaminn. Það sama á við ef neytandi fær að velja úr nokkrum mögulegum samningum sem atvinnurekandi setur fram. Í því tilfalli grundvallast samningurinn á skilyrðum atvinnurekandans og er ekki sérstaklega umsaminn. En ef neytandi gerir nýja breytingu sem ekki var val um þá flokkast það tilfalli ekki undir 36. gr. a–d samningalaga.<sup>12</sup>

Lítið hefur reynt á þessi ákvæði í dómaframkvæmd og réttarframkvæmd hefur ekki fest sig í sess. Þrátt fyrir það er hægt að fá draga ákveðnar ályktanir af þessum dómum. Í *Hrd. 27. janúar 2011 (349/2010)* var deilt um túlkun á orðinu „markaði” samkvæmt ákvæði í stöðluðum skilmála. Tryggingarfélag sem gert hafði samninginn bar fyrir sig þá túlkun að markaðurinn einskorðaðist við Ísland. Neytandi bar fyrir sig að þar sem þessa tegund af bifreið sem tryggð hafði verið væri ekki unnt að finna á Íslandi yrði að líta til annarra markaða til að meta raunvirði. Féllst Hæstiréttur á mál neytanda og vitnaði í 36. gr. b. samningalaga þar sem segir að túlka skuli skriflegan samning neytanda í hag ef ágreiningur kemur upp.

Í eldri dómum fyrir tíma EES-samningsins hafði þó myndast ákveðin dómvenja um setningu staðlaðra skilmála gagnvart kaupendum. Þetta er ljóst í *Hrd. 1981 bls. 35* þar sem deilt var um hvort fylgibréf sem ekki var hluti samnings um farmflutning væri gilt til að farmflytjandi gæti fallið frá allri ábyrgð um tjón sem gæti orðið. Samkvæmt dómvenju Hæstaréttar var ekki fallist á það að farmflytjendur geti afsalað allri sinni ábyrgð með þessum hætti og var fyrirtækið því dæmt bótaskyld.<sup>13</sup> Hér má einnig nefna að stefndi var fyrirtæki sem sendi vöru í atvinnuskyni og er því gildissvið þessarar dómvenju víðara en gildissvið nýrri laga um neytendavernd.

jafnt og ná yfir bæði opinbera aðila og þá í einkaeign.

<sup>11</sup> Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 66–67.

<sup>12</sup> Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 68.

<sup>13</sup> Hér skal skoða fordæmi í *Hrd. 1941 bls. 182* og *Hrd. 1961 bls. 702*



### 2.3.2 Evrópuréttur

Evrópuréttur hefur haft mikil áhrif á staðlaða samningsskilmála enda var nýjum ákvæðum bætt við samningalög á grundvelli tilskipunar Evrópuráðsins 93/13/EBE. Þessi löggjöf veitir ekki aðeins neytendum meiri vernd á Íslandi heldur neytendum á öllu EES.

Þetta er ekki eina ESB-löggjöfin sem tekur á stöðluðum skilmálum. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/914 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 hefur lögfest þá skyldu að nota skuli opinberar útgáfur af stöðluðum samningsskilmálum fyrir flutning á gögnum út fyrir EES.

*Dómur Evrópudómstólsins, 16. júní 2020 (C-311/18)* var stefnumarkandi hvað varðar mikilvægi slíkra skilmála. Þar var deilt um hvort Facebook tryggði öryggi á gögnum austurríks aðgerðarsinna sem flutt var á gagnþjóna utan EES nánar tiltekið í Bandaríkjunum. Þó niðurstaða dómsins hafi verið ógilding á samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins (e. *privacy shield*) þá stóðust stöðluðu skilmálar markmið sín og voru taldir gilda gagnvart aðilum.<sup>14</sup>

## 2.4 Eiginleikar staðlaðra samningsskilmála í núverandi mynd

Þótt staðlaðir samningsskilmálar séu mjög nytsamir og hentugir eru þeir ekki fullkomnir. Þetta endurspeglast að sumu leyti í auknu regluverki eins og fjallað var um áður. Hér verður farið yfir eiginleika þeirra og hver staða neytenda er.

### 2.4.1 Óhnitmiðun

Hagræði er einn helsti kostur og ástæða fyrir mikilli notkun staðlaðra skilmála. Af því leiðir að ákjósanlegt er að nota sömu skilmálana í mörgum mismunandi samningssamböndum. Það er augljóst að skilmálarnir munu ná misvel yfir þessi sambönd. Það er hætta á að auðveldleikinn við að grípa í slíka skilmála verði til þess að þeir nái ekki yfir þarfir sambandsins sem oft eru sérstakar.<sup>15</sup>

### 2.4.2 Hagsmunaskekkja

Þótt stundum séu stöðluð samningsform gefin út af þriðja aðila<sup>16</sup> eru þau oftast samin einhliða af öðrum samningsaðila. Við slíkar aðstæður er auðvelt að setja skilmála sem halla óeðlilega samningssemjanda í vil. Markaðseinokun getur aukið á þessa skekkju, sérstaklega í ljósi þess

<sup>14</sup> Maria Helen Murphy: „Assessing the Implications of Schrems II for EU–US Data Flow“, bls. 245–246.

<sup>15</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur — Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*, bls. 152.

<sup>16</sup> Dæmi um þriðja manns opinbera stöðlun er skilyrði Evrópusambandsins varðandi staðlaða skilmála til miðlunar á persónuupplýsingum út úr Evrópska efnahagssvæðinu.

að semjandi veit að gagnaðili er líklegur til að lesa ekki skilmálana.<sup>17</sup> Hér ber þó að nefna að slíkar skekkjur geta einnig myndast við hefðbundna samningsgerð en í því tilfalli á gagnaðili tækifæri á að koma sínum hagsmunum á framfæri og er líklegri til að lesa samninginn áður en hann samþykkir hann. Sem afleiðing af hagsmunaskekkjunni myndast rangir hvatar fyrir samningaðila og er þetta frábrugðið hefðbundinni samningsgerð.

#### 2.4.3 *Takmörkuð ákvæði*

Við stöðlun er sjálfgefið að sömu ákvæðin eiga að vera notuð oftast en einu sinni. Þetta þýðir að villur og léleg eða gölluð ákvæði eru endurtekin og koma inn í marga samninga. Slíkar villur eru líklegri til að myndast ef samningur er skrifaður einhliða enda er enginn gagnaðili til að lesa yfir og ganga úr skugga um að ákvæði séu rétt og vönduð.<sup>18</sup> En á móti kemur að eftir því sem staðall eldist og mótar meiri reynslu og réttarframkvæmd og fyllir ákvæði verður til meiri fyrirsjáanleiki heldur en í nýgerðum hefðbundnum samningi.

#### 2.4.4 *Staða neytenda*

Sú hættu er ávallt að það halli á stöðu neytenda eins og var nefnt í kafla 2.4.2. Til að koma til móts við það misræmi hefur verið gripið til neytendavarnar með löggjöf, til dæmis 36. gr. a–d samningalaga sem fjallað var um í kafla 2.3.1. Með því hafa neytendur fengið sérstöðu sem samningsaðilar og njóta ríkari verndar en almennt er með notkun staðlaðra samningsskilmála.

### **3 Stöðlun samninga á tíma gervigreindar og snjallsamninga**

Í þessum kafla verður horft til tækni og gervigreindar og hvaða áhrif þær geta haft á staðlaða samninga. Fyrst verður fjallað um áhrif gervigreindar á lögfræði og samningsgerð. Þá verður gerð grein fyrir snjallsamningum og síðar fyrir lagaforritun og hvernig hún getur nýst í stöðlun. Að lokum verður skoðað hvenig neytendur geta nýtt sér gervigreind til að bregðast við stöðluðum samningum.

#### **3.1 Gervigreind**

Til eru tvær megin nálganir til að samræma lögfræði og tækni. Sú fyrri er að halda lögfræðinni óbreyttri og aðlaga eingöngu tæknina. Þessi aðferð er vinsæl núna með þeirri gervigreind sem er í sviðsljósinu sem er svokölluð spunagreind nánar tiltekið stór mállíkön<sup>19</sup> sem vinna úr og semja texta. Þessar aðferðir eru byltingakenndar og hjálplegar að mörgu leyti við skrifa greinargerðir

<sup>17</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur — Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*, bls. 153.

<sup>18</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur — Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*, bls. 152.

<sup>19</sup> Með spunagreind er átt við það sem á ensku kallast *generative AI* og stór mállíkön eru *large language models*.

og stefnur, draga saman kröfur og málsatvik og skrifa dómsniðurstöður.<sup>20</sup> En líkt og gerðist í iðnbyltingunni mun ekki vera hægt að fullnýta kosti gervigreindarinnar til að bæta lögfræðina án þess að gera einnig yfirgripsmeiri breytingar á lögfræðinni sjálfri.<sup>21</sup> Að gera breytingar á lögfræðinni er ekki sjálfgefið. Lögfræðin er frábrugðin mörgum öðrum sviðum þar sem gervigreind er notuð svo sem í líf- og heilbrigðisvísindum þar sem oftast er unnið með grunngildin en ekki skriflega túlkun.<sup>22</sup>

Seinni nálgunin er róttækari. Með henni eru gerðar meiri breytingar á lögfræðinni sjálfri með samþættingu á lögfræði og tækni á mun dýpri grunni. Lagamál er mál sem stendur sérstætt við hlið annarra mála eins og tungumála og forritunarmála.<sup>23</sup> Þá er notast við tungumál til að túlka og eiga í samskiptum við þann grunn sem lagamálið setur. Það má heldur ekki vanmeta þau áhrif sem tungumál hefur á lagamál enda hafa flest lög bæði verið samin og túlkuð á tungumáli viðeigandi lögsögu. Þrátt fyrir það er ekki endilega nærtækast fyrir tölvur að nálgast lagamálið í gegnum tungumál enda eru tölvur stafrænar en ekki hliðrænar eins og maðurinn.

Tölvur geta átt beint við lagamálið. Margir lagabálkar eru nú þegar formleg kerfi<sup>24</sup>, þ.e. rökfræðilega gild kerfi. Rannsóknir og hugmyndir um lagaforritun hafa verið að aukast á síðustu tveim áratugum. Ein birtingarmynd þessarar þróunar eru snjallsamningar en samlegðaráhrif gervigreindar og slíkrar tækni á lögfræðina eru ekki enn fyllilega komin í ljós.

### 3.2 Snjallsamningar og skilmálar

Snjallsamningar eru samningar sem eru skrifaðir sem forrit og efnast sjálfkrafa eftir fyrirfram ákveðnum reglum sem samningurinn geymir. Hugmyndir um slíka samninga komu fyrst fram á tíunda áratug síðustu aldar<sup>25</sup> en það var ekki fyrr en með tilkomu *Etherium* og annarra bálkakeðja sem orðið „snjallsamningur“ var tekið í notkun.<sup>26</sup>

Snjallsamningar keyra í valddreifðu (e. *decentralised*) traustlausu umhverfi og eru tengdir við ákveðna rafmynt. Þeir eru oftast stuttir og byggja á einföldum „ef. . . þá“ samböndum en þeir geta verið eins flóknir og semjendur hafa hygmyndaflug fyrir. Ítarlegri athugun á snjallsamningum á bálkakeðjum má finna í grein eftir Khan<sup>27</sup>. Þá ræðir Raskin<sup>28</sup> í sinni grein um þau

<sup>20</sup> Maura R Grossman o.fl.: „The GPTJudge: Justice in a Generative AI World“, bls. 1–5.

<sup>21</sup> Benjamin Alarie, Anthony Niblett og Albert H Yoon: „How artificial intelligence will affect the practice of law“, bls. 107–109.

<sup>22</sup> Arinbjörn Kolbeinsson: „Deep learning for health outcome prediction“, bls. 12–14.

<sup>23</sup> David Mellinkoff: *The language of the law*, bls. 9.

<sup>24</sup> Sarah Lawsky: „Form as formalization“, bls. 115.

<sup>25</sup> Nick Szabo: „Formalizing and securing relationships on public networks“, bls. 1.

<sup>26</sup> Vitalik Buterin o.fl.: „Ethereum: A next-generation smart contract and decentralized application platform“, bls. 36–38.

<sup>27</sup> Shafaq Naheed Khan o.fl.: „Blockchain smart contracts: Applications, challenges, and future trends“.

<sup>28</sup> Max Raskin: „The law and legality of smart contracts“.

lagalegu álitaefni sem snúa að snjallsamningum.

Bálkakeðjur eru hins vegar ekki skilyrði fyrir því að samningur sé „snjall”. Hér má nefna að margir fjármálasamningar, svo sem afleiður (e. *derivatives*) og Escrow, meta skilyrði og efna samninginn fullkomlega sjálfstætt, án mannlegrar ákvörðunar. Þessir samningar og þau forrit sem meta skilyrði keyra á miðlægu kerfi<sup>29</sup> sem samningsaðilar hafa báðir sammælt um að nota. Þetta er frábrugðið bálkakeðjusamningum sem keyra í traustlausu umhverfi og enginn miðlæg stjórn ákveður keyrslu eða mat á efndum. Sameiginlegt með öllum snjallsamningum er að þeir keyri sem forrit sem skrifað er á forritunarmáli.

Hingað til hafa snjallsamningar einskorðast við það efni sem þegar var stafrænt eins og fjármál og greiðslur. Það er einungis vegna þess að hægt að var nálgast slík kerfi á einfaldan hátt. Ef hægt væri að setja upp hvaða samning sem er sem forrit þá myndi það opna fyrir fjölda annarra tækifæra.

### 3.3 Lagaforritun

Að skrifa lög eða löggerninga á forritunarmáli er ekki einfalt en þó er það að sumu leyti einfaldara en að skrifa það á tungumáli. Öll tungumál eru flókin og breytileg enda geta sum orð og hugtök haft margar merkingar eftir því hvernig þeim er beitt. Sá vandi steðjar ekki að forritunarmáli. Þrátt fyrir flókin tungumál eru til lög sem nú þegar mynda formleg kerfi,<sup>30</sup> þ.e. rökfræðilega gild kerfi sem sjálfgefið er að þýða yfir á forritunarmál þótt lögin hafi ekki verið sérstaklega skrifuð til þess.

Það mætti útvíkka þetta og hanna heildstæðan ramma sem passar fyrir öll lög. Með þannig ramma gætu mismunandi tölvukerfi, greiningarkerfi og einnig gervigreind átt beint við grunnlögin og lagasambönd án þess að þurfa að eiga við ónákvæmi tungumála.

#### 3.3.1 Catala

Catala<sup>31</sup> er forritunarmál sem er sérstaklega hannað til að kóða lög og löggerninga. Markmiðið er að brúa bilið á milli laga og tækninnar. Með þessum formlega kerfisramma er hægt að kóða lögin á ótvíræðan hátt sem forritaðar reglur og skilgreindum hugtökum og gildissviðum. Einnig er hægt að forrita samninga og verður því einfalt að skrifa forrit sem skoðar hvort samningur sé gildur eða brjóti gegn einhverjum ákvæðum laga. Þá verður hægt að greina hagsmunaskekkju í samningum betur og reikna út hvernig skal breyta ákvæðum samnings til að ná betri niðurstöðu.

<sup>29</sup> Þessi tölvukerfi eru oftast í umsjón verðbréfamiðlara.

<sup>30</sup> Sarah Lawsky: „Form as formalization“, bls. 115.

<sup>31</sup> Denis Merigoux, Nicolas Chataing og Jonathan Protzenko: „Catala: a programming language for the law“, bls. 1.

Slík grundvallarbreyting á lagalegri nálgun er ekki einföld og mun án efa ekki leysa öll álitafni sem fólgin eru í mannlegri túlkun og fyllingu. Þessi nálgun getur bætt ákveðnar hliðar lögfræðinnar einkum þegar kemur að hlutrænum og tölfræðilegum álitafnum. Catala hefur verið notað fyrir skattaútreikninga og sýnt fram á önnur eldri kerfi voru skrifuð á hefðbundnum forritunarmálum upp úr lagatexta innihéldu alvarlega galla í sínum útreikningum.<sup>32</sup> Catala kemur í veg fyrir slíkt misræmi.

Að skrifa öll lög sem formlegt kerfi er gríðarlega stórt verkefni og mun ekki gerast í bráð. Nærtækara gæti verið að beita þessum aðferðum fyrst á þrengra sviði, t.d. á samninga og skilmála.

### 3.3.2 *OpenLaw, Accord Project o.fl.*

Þó hægt sé að skrifa alla lagalega gjörninga í Catala, hvort sem það eru lög, samningar eða annað, hafa verið þróuð ákveðin kerfi sem eru sérsniðin fyrir samninga. OpenLaw er aðferðarlýsing (e. *protocol*) sem keyrir á Ethereum bálkakeðjunni.<sup>33,34</sup> Einn kostur sem greinir OpenLaw frá öðrum svipuðum verkefnum er að það býður upp á sjálfvirka lausn til að þýða samninga eða skilmála yfir í OpenLaw kerfið. Hefur þetta sem dæmi verið prófað í stað hefðbundinna farmbréfa þar sem samningur efnist breytilega og sjálfkrafa eftir fyrirfram samþykktum skilmálum t.d. vegna tafar eða breytilegs kostnaðar.

Accord Project er óhagnaðardrifið kerfi sem einnig vinnur að því að þróa aðferðarlýsingu fyrir snjallsamninga. Ólíkt tengingu OpenLaw við Ethereum er Accord kerfið ekki bundið við neina grunntækni heldur er það almennra og getur keyrt á hvaða grunni sem er.<sup>35</sup> Annar kostur við kerfið er skipting þess í annars vegar sniðmátakerfi sem gerir notendum kleift að smíða samninga úr tilbúnum einingum og hins vegar lagalegt forritunarmál sem er nefnt Ergo og hannað til að skrifa samninga á kerfisbundinn hátt.<sup>36</sup>

Fleiri svipuð kerfi eru í þróun og hafa svipuð markmið. Þó ómögulegt sé að segja til um framtíð einstakra verkefna er ljóst að þessar hugmyndir bjóða upp á aukna skilvirkni, lægri kostnað og meiri fyrirsjáanleika í samningum.

## 3.4 Neytendur og gervigreind

Önnur þróun á sviði tækninotkunar í lögfræði snýr að tækifærum neytenda. Neytendur eiga oft erfitt með að skilja skilmála enda eru þeir skrifaðir af lögfræðingum og lögfræðihugtökum beitt.

<sup>32</sup> Liane Huttner og Denis Merigoux: „Catala: moving towards the future of legal expert systems“, bls. 2–3.

<sup>33</sup> James Metzger: „The current landscape of blockchain-based, crowdsourced arbitration“, bls. 88.

<sup>34</sup> „OpenLaw - Real World Contracts For Ethereum“, <https://www.openlaw.io>.

<sup>35</sup> Peng Qin o.fl.: „Intelligible description language contract (IDLC)—A novel smart contract model“, bls. 14.

<sup>36</sup> „Accord Project“, <https://accordproject.org>.

Til að sporna við þessu hafa verið þróuð kerfi sem lesa og greina skilmála fyrirtækja og meta hvaða tilboð hentar neytanda best út frá hans þörfum. Hér má nefna Safe Sign Technologies sem hafa þróað lausnina *iwantbetter.com* sem ber saman skilmála á sviði orku, tryggingu og símaþjónustu.<sup>37</sup> Slíkir skilmálar geta verið tugir blaðsíðna, skrifaðir með sérstökum lagahugtökum og því erfitt fyrir neytendur að meta hvort halli á þá. Með því að sjálfkrafa bera saman skilmála frá mismunandi aðilum og útskýra fyrir mögulegum kaupendum hvar varnaglar liggja þá geta neytendur tekið upplýsta ákvörðun.

Slík þróun var óumflýjanleg enda voru fyrirtæki og atvinnurekendur þegar komin með flókin gervigreindarkerfi til að sníða þjónustur og verð að eiginleikum neytenda.<sup>38</sup> Jafnvel þó þessi kerfi séu hönnuð til að mismuna ekki eftir vernduðum persónueiginleikum eins og kyni, kynþætti eða aldri þá er ekki hægt að tryggja bestu niðurstöðu ef neytendur fá ekki að koma sínum skoðunum og hagsmunum á framfæri. Einnig ber að nefna að þessi gervigreindarkerfi sem um ræðir eru ekki farin að sérsníða skilmála heldur snýr þetta að vöru- og þjónustuúrvali og verði.

Sérsnið á stöðluðum skilmálum er þó ekki óþekkt á ákveðnum sviðum. Flokkun fjárfesta fer samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga sem sett voru samkvæmt EES-samningnum, tilskipun 2014/65/ESB og 2016/1034/ESB og reglugerð 600/2014 með síðari breytingum. Samkvæmt þeirri flokkun eru fjárfestar annaðhvort almennir eða fagfjárfestar og fer flokkunin eftir ákveðnum eiginleikum fjárfestana svo sem reynslu, þekkingu og fjárhæðum. Samningssamband við fagfjárfesta lýtur öðrum skilmálum en við almenna fjárfesta og felst munurinn í samspili á milli vöruúrvals og verndar. Almennir fjárfestar fá meiri vernd á móti takmarkaðra vöruúrvali af áhættumeiri vörum enda eru fagfjárfestar taldir geta tekið upplýstari ákvörðun vegna hæfni sinnar og reynslu. Í Bretlandi er gengið lengra og þriðji flokkur fjárfesta í boði svokallaður reyndur fjárfestir (e. *sophisticated investor*). Reyndir fjárfestar eru sjálftilgreindir, sitja á milli almennra og fagfjárfesta og fá því vöruúrval og neytendavernd í skilmálum miðað við þá eiginleika. Með því að gera skilmála sveigjanlegri og staðlaða á sama tíma er hægt að samtímis koma til móts við mismunandi kröfur neytenda og halda í hagræði.

Þróun yfir í staðlaða samningsskilmála með breytilegum ákvæðum er hafin á fleiri sviðum. Dæmi um það eru ráðningarsamningar þar sem vinnuveitandi er oft með mjög staðlaðan samning en breytir skilmálum til að bæta tilboð fyrir mögulegan starfskraft fram yfir önnur tilboð. Einnig eru húsaleigusamningar töluvert staðlaðir með nokkurn sveigjanleika. Í báðum þessum

<sup>37</sup> „Safe Sign Technologies - Leader in Legal AI“, <https://www.safesigntechnologies.com>.

<sup>38</sup> Arinbjörn Kolbeinsson o.fl.: „Galactic air improves ancillary revenues with dynamic personalized pricing“, bls. 233–234.

tilfellum er mikil handavinna fólgin í því að gera breytingar og sjálfvirkni lítil sem engin enda er fjöldi ráðningar- og húsaleigu oft viðráðanlegur. Ástæða fyrir þessum sveigjanleika er annars vegar samkeppni og hins vegar að viðsemjendur eru vakandi fyrir sínum hagsmunum og ganga upplýstir í besta tilboð. Með aukinni sjálfvirkni og notkun gervigreindar munu neytendur eins vera upplýstir og horfa á skilmála þegar þeir meta besta tilboðið. Tími falinna samnings-skilmála er að líða undir lok og tími aukinnar samkeppni á skilmálum mun taka við.

## 4 Kvikir samningsstaðlar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því hvernig framfarir úr þriðja kafla geta nýst í að bæta það umhverfi þar sem notast er við staðlaða samninga. Þá verður hægt að kynna nýja kynslóð samnings-skilmála sem hafa kvika eiginleika sem einnig eru staðlaðir. Við munum kalla þá *kvika samningsstaðla*. Fyrst verður settur upp heildarramma fyrir samninga þar sem hægt verður að lýsa hefðbundinni samningsgerð, hefðbundinni skilmálastöðlun og kvikum samningsstöðlum á einfaldan og myndrænan hátt. Í kjölfarið verða skoðaðar þær takmarkanir og áskoranir sem slíkar breytingar myndu hafa. Að lokum verður farið yfir hugmyndir um mögulega framkvæmd á slíkum stöðluðum samningum.

### 4.1 Stöðlun og rammar

Með aukinni vitund neytenda og annarra sem ganga í samningssambönd með stöðluðum skilmálum myndast þrýstingur á seljendur að bjóða betur en samkeppnin. Leiðin til að ná því fram er að gera skilmála og ákvæði hagstæðari en aðrir. Hægt er að gera það með spá fyrir um hvað neytendur vilja en það er varasamt og erfitt getur reynst að nálgast þau gögn sem eru nauðsynleg til að gera hnitmiðaða spá. Það getur verið góður útgangspunktur en á endanum munu þeir aðilar sem gefa neytanda betra frelsi ná í meiri viðskipti. Hér virðist sem lausnin sé að falla aftur í hefðbundna samningsgerð en sú aðferð er ógerleg enda of kostnaðarsöm og hæg. Lausnin liggur því í nýtingu á tækni líkt og gervigreindarkerfunum sem fjallað var um í kafla 3.4 þar sem forrit geta unnið fyrir neytendur og borið saman og valið ákjósanlegasta skilmálann. Með því eru gerðar töluverðar breytingar á samningsgerðinni. Þessi nýja kynslóð staðlaðra skilmála mun eiga flest sameiginlegt með hefðbundinni stöðlun en einnig halda í ákjósanlega eiginleika samningsfrelsisins.

Í þeim tilgangi að skýra betur hvar munurinn á milli mismunandi samningsgerðum liggur er hægt að mynda heildstæðan ramma fyrir samningsgerð. Við gefum okkur fyrst að við getum teiknað upp kort eða svæði af öllum mögulegum samningum. Með ótakmörkuðu samningsfrelsi

væri slíkt svæði óendanlegt en þar sem samningar verða að vera innan laga eru sannarlega einhver mörk.

Þetta svæði sem við teiknum upp hefur ákveðna eiginleika. Samningar sem eru líkir hvor öðrum eru nálægt hvor öðrum á þessu korti og jafnframt er langt á milli ólíkra samninga. Samningar með sama form og um sama efni hópast saman. Sem dæmi myndu tveir ráðningasamningar sem eru eins fyrir utan laun starfsmanna teiknast alveg við hlið hvors annars en húsaleigusamningur væri langt frá þeim báðum. Við getum nýtt okkur þennan ramma til að fá betri yfirsýn yfir hefðbundna samningsgerð annars vegar og staðlaða samningsskilmála hins vegar.

Ef við berum saman hefðbundna samningsgerð sem teiknuð er í mynd 1A við staðlaða samningsskilmála, teiknuð í mynd 1B, er mismunurinn augljós. Almenn samningsgerð er að mestu frjáls og litlar skorður sett. Í raun takmarkast hún einungis við að efni samnings og atvik við samningsgerð þurfa að vera lögmætt, sbr. III. kafla sml. Þetta gefur báðum aðilum gríðarlega stórt samningssvæði sem afmarkað er með punktalínu.

Staðlaðir samningsskilmálar eru mjög frábrúðgnir fullu samningsfrelsi. Þar er samningssvæðið aðeins einn punktur eins og er teiknað í mynd 1B. Semjandinn hefur skilgreint fyrirfram öll ákvæði samningsins og samningsgerðin er eitt skref: samþykkja eða hafna uppsettum skilmálum. Í tilfellum þar sem val er um mismunandi skilmála væru fleiri en einn punktur í boði, eflaust allir mjög nálægt hver öðrum.


Með þessum ramma er líka ljóst að hægt er setja upp þriðju tegund samningsgerðar. Í stað þess að einn punktur sé það tilboð sem samningssemjandi leggji til setur hann fram afmarkað og staðlað svæði fyrir alla gagnaðila. Hver og einn gagnaðili getur síðan valið hvar á þessu svæði hann kys að samþykkja skilmálana og við það myndast bindandi samningur. Kvikir samningsstaðlar og svæði þeirra eru teiknaðir í mynd 1C. Í framkvæmd er þetta svæði afmarkað í stöðluðu skilmálunum sjálfum með breytilegum ákvæðum sem afmarkast við ákveðið svið. Ákvæðin gætu haft innbyrðis skilyrði sem takmarkar svæðið enn frekar og flækir samsetninguna á skilmálunum. Hér þarf þó að muna að þessi framkvæmd byggir á tæknivæðingu neytenda sem geta notað sjálfvirk kerfi til að túlka skilmálana sem stendur til boða.<sup>39</sup>

## 4.2 Takmarkanir og áskoranir


Sveigjanleiki og breytingar fela nánast undantekningalaust í sér aukið flækjustig. Spurningar vakna um hvaða lög eiga við slíka samninga og hvort neytendur séu að gefa eftir vernd með því að samþykkja kvikan samningsskilmála. Hér verður farið yfir helstu álitæfni sem snúa að

<sup>39</sup> „Safe Sign Technologies - Leader in Legal AI”, <https://www.safesigntechnologies.com>.






A. Fullt samningsfrelsi. Allir samningar innan marka laga og sanngirnis (gráa svæðið) njóta réttarverndar og eru gildir.



B. Staðlaðir samningsskilmálar. Samningssvæðið er aðeins einn punktur enda er ekkert svigrúm til breytinga.



C. Kvikir samningsstaðlar. Seljandi getur skilgreint staðlað svæði og innan þess getur neytandi valið skilmála sem henta best.

Mynd 1: Yfirlit yfir mismunandi samningsgerðir á samræmdum ramma. Í A. er fullt samningsfrelsi sýnt sem er mjög frábrugðið stöðluðum samningsskilmálum sem sýndir eru í B. Þá er í C. teiknaðir kvikir samningsstaðlar.

þeim.

Fyrsta spurningin er hvernig einstaklingar, einkum neytendur, munu geta nýtt sér svona samninga og hvort val á breytingum geri erfiðara og tímafrekara að kynna sér samningana. Mikil þróun hefur orðið í tækni sem aðstoðar neytendur í að skilja og velja samninga eins og fyrrnefnd kerfi og önnur líkt og Polisis sem útskýrir skilmála sjálfkrafa.<sup>40</sup> Ef neytandi setur inn sína eiginleika og óskir geta slík kerfi greint hvaða skilmálar og hvaða val hentar best. Þetta jafnast á við að velja einn punkt innan þess svæðis sem staðalinn leyfir.

Önnur spurning er hvaða áhrif þetta hefur á neytendavernd skv 36. gr. c. en sú grein segir að neytendur fái meiri vernd ef þeir taka ekki þátt í samningsgerð. Hér kemur því til álita hvort val innan afmarkaðs sviðs teljist til þátttöku í samningsgerð. Skoðun fræðimanna um

<sup>40</sup> Hamza Harkous o.fl.: „Polisis: Automated analysis and presentation of privacy policies using deep learning“, bls. 532–533.

svipuð mál eru skýr.<sup>41</sup> Að velja skilmála úr ákveðnu sviði, t.d. gildistíma 6-12 mánuðir er í raun það sama og að velja skilmála úr afmörkuðu safni samninga, enda eru þetta einhliða skilmálar. Seljandinn hefur samið staðal fyrirfram og neytandi getur ekki farið út fyrir þann ramma eða breytt samningnum að öðru leyti.

Næst kemur til athugunar hvaða hvati er fyrir seljendur eða atvinnurekendur að stækka samningssvæðið. Munu þeir ekki allir velja einn punkt sem samsvarar hefðbundum stöðluðum skilmála og gefa engan sveigjanleika? En hér kemur til skoðunar áður nefnd þróun á sviði neytendaákvæðana. Samanburðarkerfi gera neytendum kleift að einfaldlega bera saman tilboð og leyfa neytendum að slá inn sína eiginleika og síðan notast við sjálfvirka leit og gervigreind til að bera saman skilmála frá mismunandi seljendum og finna þann sem hentar ákveðnum neytenda best. Þarna er kominn skýr hvati fyrir seljendur að gera skilmála sína neytendavænni en það sem aðrir á markaðnum bjóða. Þetta er sérstaklega skýrt þar sem samkeppni er mikil og líttlí munur á vörum á milli aðila. Þá getur seljandi gefið neytendum aukin réttindi til að sækja meiri viðskipti. Með því að gefa út staðlað svið þar sem neytendur geta valið þá samsetningu sem hentar þeim best verða þeir samkeppnishæfari. Annar hvati er aukið regluverk með breytilegum skilmálum sem geta orðið kvikir. Löggjafi getur kveðið á um að tiltekið svið verði að vera í boði fyrir neytendur að velja úr og væri það því opinber skilmáli.

Einnig þarf að athuga hvernig verður hægt að komast hjá því að neytendum eða kaupendum verði mismunandi eftir eiginleikum. Hér er átt við að óheiðarlegir eða grandlausir seljendur setji inn breytur sem mismunandi kaupendum eftir vernduðum eiginleikum. Á þessu taka núverandi lög svo sem 33. og 36. gr. sml. og 9. gr. laga 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Þær reglur og aðrar sem hafa svipuð markmið munu eiga við þessa kviku skilmála eins og aðra.

### **4.3 Framkvæmd**

Innleiðing á kvikum skilmálum kallar ekki á neina breytingu en lagaforritun, eins og greint var frá í kafla 3.3, mun auðvelda þessa innleiðingu til muna. Skilmálar sem kóðaðir eru á slíku máli eru aðgengilegri fyrir þá tækni og forrit sem neytendur munu nota. Einnig ber að nefna að þó skilmáli eða samningur sé kóðaður í forritunarkerfi hefur það ekki neikvæð áhrif á venjulegt aðgengi. Auðvelt er að þýða hann yfir á tungumál og nota þá með hefðbundnu formi. Dæmi um atburðarrás er eftirfarandi. Segjum að seljandi á tryggingum vilji gera skilmála sína samkeppnishæfari og auka fjölda viðskiptavina. Í stað þess að bjóða öllum sömu skilmálana

<sup>41</sup> Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 66–67.

getur seljandi skilgreint einn staðal með breytilegum ákvæðum og innbyrðis reglum, svo sem þeirra sem varða gildistíma og atvika sem falla innan skilmálans. Neytandi sem er að leita sér að tryggingu getur þá slegið inn sínar óskir og hagsmuni. Það kerfi mun þá bera saman og leita á mögulegum svæðum úr tilboðum. Sá sem er með það tilboð sem hentar neytandanum best verður fyrir valinu.

Fleiri dæmi eru samningar um tiltekin not af höfundarrétti af tónlist, hugbúnaði eða staf-rænu efni. Einn kvikur samningsstaðall gæti boðið upp á marga mismunandi notkunarmögu-leika. Eins gætu kvikir skilmálar hjá raforkusala gefið fjölbreyttum hópi neytenda tækifæri til að aðlaga skilmála að sínum hagsmunum. Samkeppni í raforku er mikil og hörð enda fátt sem aðskilur seljanda annað en verð. Með því að bjóða neytendum upp á kvika samnings-staðla skapast ný vídd í samkeppni. Einnig gæti þetta nýst í notendaskilmálum fyrir vefsíður og hugbúnað þar sem notendur fá val um hvaða upplýngar þeir vilja deila og hvaða þjónustu þeir fá í staðinn. Rannsóknir hafa sýnt að einfalt höfnunarkerfi (e. *opt out system*) getur haft mjög neikvæð áhrif á þjónustuaðila og leitt til hærra verðlags.<sup>42</sup> Fullkomnari kerfi líkt og kvikir samningsstaðlar myndu leysa þetta með því að koma á fjölbreyttari skilmálum sem sniðnir eru að hverjum notanda.

## 5 Lokaorð

Í þessari ritgerð var gerð grein fyrir stöðluðum samningsskilmálum, sögu þeirra og eiginleikum. Þá var skoðuð þróun staðlaðra skilmála og fjallað um þá tækniþróun sem getur haft áhrif á framtíð stöðlunar. Að lokum voru kynntir kvikir samningsstaðlar sem samræma staðlaða samningsskilmála með kjarna samningsfrelsisins.

Þrátt fyrir að fullkomin innleiðing á kvikum stöðluðum samningsskilmálum muni ekki gerast í mjög náinni framtíð þá hallast þróunin í þá átt og þegar má sjá einfaldar útfærslur á þeim. Hvaða vernd og þjónustur fjárfestar fá fer eftir eiginleikum þeirra. Slík þróun mun halda áfram og ná til neytenda á öðrum sviðum. Með aukinni tæknivæðingu og sjálfvirkni verður þetta óumflýjanlegt. Lagaforritun mun ekki einungis ná til samningsgerðar og neytenda heldur getur hún aukið skilvirkni og fyrirsjáanleika á mörgum sviðum lögfræðinnar. Aukin notkun hennar mun bæta sjálfvirkt aðgengi að skilmálum með kerfum sem neytendur geta nýtt sér. Niðurstaðan er því sú að tækniþróun hefur gríðarlega möguleika til að einfalda, hagræða og auka vernd fyrir neytendur á öllum samningssviðum.

<sup>42</sup> Reinhold Kesler: „The Impact of Apple’s App Tracking Transparency on App Monetization“, bls. 2–3.

## HEIMILDASKRÁ

Accord Project. <https://accordproject.org>. (Skoðað 3. apríl 2024).

Arinbjörn Kolbeinsson. „Deep learning for health outcome prediction“. Doktorsritg. Imperial College London, 2021.

Arinbjörn Kolbeinsson o.fl.: „Galactic air improves ancillary revenues with dynamic personalized pricing“. *INFORMS Journal on Applied Analytics*, 52. tbl. 2022, bls. 233–249.

Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson. *Neytendaréttur*. Reykjavík, 2009.

Benjamin Alarie, Anthony Niblett og Albert H Yoon: „How artificial intelligence will affect the practice of law“. *University of Toronto Law Journal*, 68. tbl. 2018, bls. 106–124.

David Mellinkoff. *The language of the law*. Wipf og Stock Publishers, 2004.

Denis Merigoux, Nicolas Chataing og Jonathan Protzenko: „Catala: a programming language for the law“. *Proceedings of the ACM on Programming Languages*, 5. tbl. 2021, bls. 1–29.

Friedrich Kessler: „Contracts of adhesion — Some thoughts about freedom of contract“. *Contract-Freedom and Restraint 2013*, bls. 41–54.

Hamza Harkous o.fl.: „Polisis: Automated analysis and presentation of privacy policies using deep learning“. Í: *27th USENIX Security Symposium (USENIX Security 18)*. 2018, bls. 531–548.

Howard Beales, Richard Craswell og Steven C Salop: „The efficient regulation of consumer information“. *The Journal of Law and Economics*, 24. tbl. 1981, bls. 491–539.

James Metzger: „The current landscape of blockchain-based, crowdsourced arbitration“. *Macquarie Law Journal*, 19. tbl. 2019, bls. 81–101.

Liane Huttner og Denis Merigoux: „Catala: moving towards the future of legal expert systems“. *Artificial intelligence and law 2022*, bls. 1–24.

Margaret Jane Radin. *Boilerplate: The fine print, vanishing rights, and the rule of law*. Princeton University Press, 2013.

Maria Helen Murphy: „Assessing the Implications of Schrems II for EU–US Data Flow“. *International & Comparative Law Quarterly*, 71. tbl. 2022, bls. 245–262.

Maura R Grossman o.fl.: „The GPTJudge: Justice in a Generative AI World“. *Duke Law & Technology Review*, 23. tbl. 2023.

Max Raskin: „The law and legality of smart contracts“. *Georgetown Law Technology Review*, 1. tbl. 2017, bls. 305.

Nick Szabo: „Formalizing and securing relationships on public networks“. First monday, 2. tbl. 1997.

OpenLaw - Real World Contracts For Ethereum. 2021. <https://www.openlaw.io>. (Skoðað 2. apríl 2024).

Páll Sigurðsson. *Samningaréttur — Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators, 1987.

Peng Qin o.fl.: „Intelligible description language contract (IDLC)—A novel smart contract model“. Information Systems Frontiers 2021, bls. 1–18.

Reinhold Kesler: „The Impact of Apple’s App Tracking Transparency on App Monetization“. Available at SSRN 4090786 2022.

Safe Sign Technologies - Leader in Legal AI. 2022. <https://www.safesigntechnologies.com>. (Skoðað 2. apríl 2024).

Sarah Lawsky: „Form as formalization“. Ohio St. Tech. LJ, 16. tbl. 2020, bls. 114–154.

Shafaq Naheed Khan o.fl.: „Blockchain smart contracts: Applications, challenges, and future trends“. Peer-to-peer Networking and Applications, 14. tbl. 2021, bls. 2901–2925.

Vitalik Buterin o.fl.: „Ethereum: A next-generation smart contract and decentralized application platform“. White paper, 3. tbl. 2014.

Yannis Bakos, Florencia Marotta-Wurgler og David R Trossen: „Does Anyone Read the Fine Print? Consumer Attention to Standard-Form Contracts“. The Journal of Legal Studies, 43. tbl. 2014, bls. 1–35.

## DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1941 bls. 182*

*Hrd. 1961 bls. 702*

*Hrd. 1981 bls. 35*

*Hrd. 27. janúar 2011 (349/2010)*

Dómar Evrópudómstólsins:

*Dómur Evrópudómstólsins, 16. júní 2020 (C-311/18)*